

# Dettifossvegur

Dettifoss - Norðausturvegur  
breytingar á veglínu og efnistöku



## **Inngangur**

Mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegjar fór fram árið 2006 og barst álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu þann 27.07.2006.

Vegagerðin vinnur nú við undirbúning útboðs vegna framkvæmda á Dettifossvegi á kaflanum frá Dettifossi að Norðausturvegi. Mögulegt er að 2. og 3. áfangi Dettifossvegjar sem kynntir voru í matsskýrslu verði boðnir út í einu lagi á seinni hluta árs 2008. Áfangi 2 nær frá tengingu að Dettifossi að Vesturdal og 3. áfangi nær frá Vesturdal að Norðausturvegi í Kelduhverfi. Ef áfangarnir verða boðnir út í einu lagi er mögulegt að tengingum að Hólmatungum og í Vesturdal ásamt bílastæðum o.fl. sem þeim tengingum fylgir verði frestað þar til meiri fjárveitingar liggja fyrir. Ef áfangarnir verða ekki boðnir út á sama tíma verður áfangi 3 sem kynntur var í matsskýrslu boðinn út á undan áfanga 2.

Dettifossvegur verður að mestu lagður samkvæmt veglínunum sem kynntar voru í matsskýrslu. Miðað hefur verið við að hann verði lagður í samræmi við veglínu C á áfanga 2 og á áfanga 3 verði hann að hluta til lagður samkvæmt veglínu D og að hluta til í samræmi við veglínu D1.

Við verkhönnun Dettifossvegjar frá Dettifossi að Norðausturvegi, sem er 29,7 km langur kafli í sveitarfélaginu Norðurþingi, kom í ljós að gera þarf breytingar á valinni veglínu, C+D/D1 á nokkrum stöðum til að fá betri og öruggari veg. Einnig til að draga úr raski á landslagi, gróðri, jarðvegi og fornleifum og þar með áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið. Við efnisrannsóknir kom einnig í ljós að gera þarf breytingar á þeirri efnistöku sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, í samræmi við breytingar á veglínunni og óskir Umhverfisstofnunar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Breytingar á veglínu og efnistöku eru allar innan rannsóknarsvæðis vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Vegagerðin telur að um sé að ræða minniháttar breytingar á framkvæmdinni sem munu hjálpa til við að draga úr umhverfisáhrifum hennar. Breytingar á framkvæmdinni eru tilkynntar til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr.106/2000 m.s.b., gr.6, viðauka 2, lið 13.a.

Þær breytingar frá því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnun sendi álit um þann 27. júlí 2006 á grundvelli laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum felast í eftirfarandi:

### **Breytingar á veglínu:**

- Breytingar verða á valinni veglínu C + D/D1 á nokkrum köflum. Helstu breytingar verða á milli stöðva 21.300–25.460, 39.200–43.360 og 50.100–50.780.

### **Breytingar á efnistöku:**

- Við framkvæmdina verða námur C–1, C–2, C–3 og D–3 sem kynntar voru í matsskýrslu felldar út og þrjár nýjar námur, þ.e. við stöðvar 24.400, 29.000 og 40.500 notaðar í stað þeirra.

## Breytingar á veglínu Dettifossvegur

Á 2. og 3. áfanga Dettifossvegur verða mestu breytingar á valinni veglínu C+D/D1 á þremur köflum. Auk þess verður veglínunni hnikað til á nokkrum stöðum til að uppfylla lágmarkskröfur um beygjuradíus. Við Hæringsstaði er veglínu hnikað fjær fornminjum. Breytingarnar eru gerðar til að fá betri og öruggari veg en einnig til að framkvæmdin hafi í för með sér minni spjöll á landslagi, jarðvegi og gróðri en veglínur sem sýndar voru á þessum köflum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ennfremur til að draga úr áhrifum valinnar veglínu á fornleifar.

### Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Í Sauðadal, milli stöðva 21.300–25.460 var hæðarlega (samspil hæðarlegu og planlegu) veglínunnar ekki nægjanlega góð. Við athugun á færslu veglínunnar á þessum kafla kom í ljós að með nýrri legu hennar fæst mun betri lausn sem er öruggari og hefur minni áhrif á landslag. Ný veglína liggur á lengri kafla á jökulruðningslandi en sú sem kynnt var í matsskýrslu, þ.e. á styttri kafla um gróið land Sauðadals og mun því hafa minni áhrif á gróðurfar. Gert er ráð fyrir að töluverðar skeringar verði á kafla milli stöðva 23.960–24.260 á nýju veglínunni. Vegna færslu á veglínunni er gert ráð fyrir nýrri námu í stað námu C–1, til að stytta flutningsvegalengdir á efni og draga úr raski á ósnertu landi. Ný náma (neðra burðarlag og efra burðarlag) verður vestan við veglínu, á móts við stöð 24.400.
- Norðan við tengingu að Vesturdal, milli stöðva 39.200–43.360 var hæðarlega (samspil hæðarlegu og planlegu) veglínunnar ekki nægjanlega góð. Við skoðun á flutningi veglínunnar kom fram miklu ásættanlegri lausn sem er öruggari og fellur betur að landslagi. Gróðurlendi sem ný veglína liggur um er sambærilegt og það sem veglína C+D/D1 liggur um.
- Milli stöðva 50.100–50.780 er gerð tillaga að nýrri tengingu Dettifossvegur inn á Norðausturveg. Vegtengingin er um 200 m vestar en kom fram í matsskýrslu. Færslan er gerð til að uppfylla kröfur um lágmarksvegalengd á milli tenginga. Að öðrum kosti þyrfti að breyta heimreið að Meiðavöllum. Við færsluna verða vegamótin öruggari og Dettifossvegur styttest um 90 m.

### Aðrar breytingar eru eftirfarandi:

- Á nokkrum stöðum eru krappar beygjur lagaðar og gerðar víðari, til að gera veginn öruggari. Breytingarnar eru minniháttar, eða færsla um +/- 4–6 m í einstaka beygjum þar sem verið er að uppfylla lágmarkskröfur um beygjuradíus ( $R \geq 336$  m). Um er að ræða mjög litla breytingu.
- Vegagerðin hefur valið að leggja Dettifossveg samkvæmt veglínu D1 um Hæringsstaði. Milli stöðva 49.400–50.000 er legu veglínunnar breytt á kafla um Hæringsstaði til að hlífa betur fornminjum. Færsla er mest um 4,5 m til norðurs. Við færsluna fellur flái nýja vegarins ekki út af núverandi vegi að sunnanverðu. Með færslunni telur Vegagerðin að tóft (NP–023b:018) muni sleppa við rask, því fyllingar vegna nýs vegar munu ekki ná út fyrir núverandi veg að sunnanverðu. Það verður þó metið betur á staðnum af fornleifafræðingi.

Breyting á legu Dettifossvegur á ofangreindum stöðum hefur í för með sér að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verða ívið minni en vegna veglínu C+D/D1 sem kynnt var í matsskýrslu. Breytingarnar eru gerðar þar sem þversniðsmælingar og vettvangsskoðun hönnuðar leiddu í ljós að gera þyrfti færslur á veglínunni til að gera veginn öruggari og til að draga úr raski á landslagi, jarðvegi, gróðri og fornleifum.

Breytingar á veglínunni eru allar innan rannsóknarsvæðis vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þær gera það að verkum að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og fuglalíf verða sambærileg og kynnt var í matsskýrslu vegna veglínu C+D1. Áhrif á gróðurfar verða aðeins minni því við breytingu á milli stöðva 21.300–25.460 er veglínan að stórum hluta færð úr grónu landi yfir á ógróið. Að öðru leyti verða áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar svipuð og kynnt voru í matsskýrslu. Milli stöðva 21.300–25.460 og á milli stöðva 39.200–43.360 er veglínan færð til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag. Því má búast við að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði aðeins minni á þessum köflum. Vegna betri legu vegarins í landslaginu á framangreindum köflum má búast við að vegurinn verði öruggari og að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar á þeim verði aðeins minni en vegna veglínu sem kynnt var í matsskýrslu. Annars staðar þar sem veglínunni verður breytt verða áhrif á landslag og sjónræn áhrif svipuð og á sambærilegum kafla veglínunnar sem kynnt var í matsskýrslu. Á kaflanum um Hæringsstaði verða áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar ívið minni. Á öðrum hlutum veglínunnar eru áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar sambærileg og kom fram í matsskýrslu. Milli stöðva 50.100–50.780 er veglínunni breytt til að auka öryggi vegfarenda. Á þeim kafla verða önnur áhrif framkvæmdarinnar svipuð og vegna veglínu D2.

## Breytingar á efnistöku vegna Dettifossvegjar

Efnispörf vegna framkvæmda á 2. og 3. áfanga Dettifossvegjar er svipuð fyrir og eftir breytingar á veglínunni en efnispörf úr námum verður eitthvað minni, því meira kemur úr skeringum en áætlað var þegar mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fór fram.

Við framkvæmdir á 2. og 3. áfanga á Dettifossvegi verða notaðar eftirfarandi námur: Náma við stöð 24.400, náma við stöð 29.000, náma C-4, náma C-5, náma C-6, náma við stöð 40.500, náma D-2, náma D-6 og náma D-7. Af þeim voru námur C-4, C-5, C-6, D-2, D-6 og D-7 kynntar í matskýrslu. Tekin var ákvörðun um að námur C-1, C-2, C-3 og D-3 sem kynntar voru í matskýrslu verði ekki notaðar en nýjar námur við stöð 24.400, stöð 29.000 og stöð 40.500 komi í staðinn.

Sú efnistaka úr námum sem hér er kynnt mun hugsanlega breytast eitthvað þegar kemur að framkvæmdum en haft verður samráð við fulltrúa Umhverfisstofnunar um efnistöku. M.a. verður skoðað hvort nota þurfi námu C-6. Auk þess sem magn efnis úr einstökum námum verður ákvarðað betur eftir aðstæðum. Tekið skal fram að námur við stöð 29.000 og stöð 40.500 eru framhald eða útvíkkun á vegskeringum. Náma C-4 er útvíkkun á skeringu og hefur magn úr námu og flatarmál hennar minnkað umtalsvert miðað við það sem kynnt var í matskýrslu. Náma C-5 er stór skering í veglínunni en ekki er miðað við að hún verði víkkuð meira út. Ekki hefur verið grafið í námu C-6 og því ennþá óvíst um hvernig efni úr henni nýtist til vegagerðar.

**Tafla 1.** Efnispörf úr námum vegna 2. og 3. áfanga Dettifossvegjar ef gert er ráð fyrir að umfram mold úr skeringum nýtist ekki í veg.

	Magn m <sup>3</sup>
Fyllingar	226.500
Yfirbygging	43.000
Tengingar að Vesturdal og Hólmatungum	50.000
<b>Samtals</b>	<b>319.500</b>

Töluverð mold er á 2. og 3. áfanga Dettifossvegjar og jarðvegsdýpt á flestum stöðum nokkuð mikil. Þar sem gerðar verða skeringar vegna vegarins fellur til mikið af mold, eða á milli 250-260 þús. m<sup>3</sup>. Þar af fara um 150.000 m<sup>3</sup> í fláafleyga. Umfram mold verður því allt að 110.000 m<sup>3</sup>. Hluti hennar fer í frágang skeringafláa en hugsanlega nýtist hún neðst í háar fyllingar og við frágang á skeringum. Magn efnis úr námum minnkar sem því nemur.

**Tafla 2.** Námur sem fyrirhugað er að nota við 2. og 3. áfanga Dettifossvegjar

Heiti námu	Stöð	Flatarmál m <sup>2</sup>	Meðaldýpt m	Magn m <sup>3</sup>	Fylling m <sup>3</sup>	Yfirbygging m <sup>3</sup>
Ný náma	24.400	17.000	2,5	42.500		42.500
Ný náma	29.000	18.000	2,5–4,0	51.000	12.000	39.000
Náma C–4	31.000	7.400	3,5	26.000	26.000	
Náma C–5	31.800	21.000*				
Náma C–6	32.900	10.000		40.000	40000	
Ný náma	40.500	24.000	2,0	48.000	28.000	20.000
Náma D–2	42.600	30.000	1,8–2,0	55.000	55.000	
Náma D–6		11.000	Allt að 5,0	50.000		50.000
Náma D–7		40.000	2,5	90.000	50.000	40.000
<b>Samtals</b>				<b>402.500</b>	<b>211.000</b>	<b>191.500</b>

\*Náma C–5 er reiknuð með skeringum

### Nánari skýringar á breytingum á efnistöku

Við undirbúning framkvæmdarinnar hafði umsögn Umhverfisstofnunar um námu C–3 og námu D–3 við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegjar áhrif á að leitað var að öðrum efnistökmöguleikum sem gætu komið í stað þeirra. Breytingar á veglínunni við Sauðadal höfðu einnig í för með sér að gera þurfti breytingar á fyrirhugaðri efnistöku. Þegar matsskýrsla var gerð höfðu ekki verið gerðar rannsóknir á efnistökmöguleikum á svæðinu með rannsóknargryfjum. Við rannsóknir síðastliðið haust kom í ljós hvernig hægt væri að nýta efnid og aðlaga efnistöku sem best að landi. Útlínur fyrirhugaðra náma sem kynntar voru í matsskýrslu víkja því eitthvað frá því sem kynnt var í matsskýrslu, en í ljós kom að ekki þarf að fara út fyrir þau námumörk sem kynnt voru í skýrslunni.

Við framkvæmdina verða námur C–1 og C–2 sem kynntar voru í matsskýrslu felldar út en nýrri námu við stöð 24.400 bætt við. Náma C–3 sem kynnt var í matsskýrslu verður felld út og ný náma við stöð 29.000 notuð í stað hennar. Náma D–3 sem kynnt var í matsskýrslu verður felld út en nýrri námu við stöð 40.500 verður bætt við.

Eftirfarandi er lýsing á þeim þremur nýju námum sem fyrirhugað er að nota. Lýsing á öðrum námum er í matsskýrslu vegna Dettifossvegjar frá júní 2006.

### Náma við stöð 24.400

Vegna breytinga á veglínunni í Sauðadal falla námur C–1 og C–2 út. Þær voru báðar fyllingarefnisnámur í ógróna jökulruðningsmela. Gert var ráð fyrir að taka samtals 60.000 m<sup>3</sup> af efni á 40.000 m<sup>2</sup> svæði.

Nýja náman er staðsett innan þjóðgarðsmarka, vinstra megin við stöð 24.400. Náman er í fornt jökulárset fast við þurran farveg í landinu. Hluti námunnar nýtist til að laga aðrennsli að ræsi við stöð 24.400–24.420. Yfirborð hennar er gróið mólendi með fjalldrapa og víði. Fyrirhugað er að taka 42.500 m<sup>3</sup> af efni á 17.000 m<sup>2</sup> svæði. Engin þörf er á námuvegi.

### Vinnsla

Efnistaka verður í mól og sand og verður náman unnin að jafnaði niður um 2,5 m eftir að mold hefur verið fjarlægð. Í yfirborði námunnar er 0,7–1,2 m þykkur moldarjarðvegur. Jarðveginum verður ýtt til hliðar til að nota við frágang. Efnistakan verður nokkuð áberandi, séð frá Dettifossvegi, en við frágang verður gætt að því að sjónræn áhrif verði í lágmarki. Fláar við jaðar námunnar verða aðlagaðir að umhverfi sínu og hafðir nokkuð flatir. Yfirborð fláa og

námu skal þakið með ofanafýtingu að lokinni efnistöku. Þar sem aðliggjandi land er gróið verður sáð í námusvæðið í samráði við þjóðgarðsyfirvöld.

#### *Verndargildi*

Jökulárset sem slíkt nýtur engrar sérstakrar verndar. Hins vegar er náman innan þjóðgarðsins Jökulsárgljúfra, sbr. lög nr. 47/1971 og má skv. lögnum ekkert jarðrask gera í þjóðgarðinum nema með sérstöku leyfi. Náman er því metin með mjög hátt verndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 1.

#### *Umhverfisáhrif*

Áhrif námunnar á jarðmyndanir, fuglalíf og landslag verða minni en af námum C-1 og C-2 til samans, sem komu fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því ein náma kemur í stað tveggja. Auk þess þarf engan námuveg. Engar sýnilegar fornleifar eru í grennd við námuna. Efnistaka úr námunni hefur meiri áhrif á gróðurfar en efnistaka úr námum C-1 og C-2. Telja má að sjónræn áhrif einnar námu verði minni en af tveimur námum. Náman mun sjást frá Dettifossvegi en auðvelt verður að fella hana vel að landi vegna nálægðar við farveg í landinu.

#### **Náma við stöð 29.000**

Náman kemur í stað námu C-3 sem kynnt var í matskýrslu, til að koma til móts við óskir Umhverfisstofnunar. Náma C-3 var burðarlagnáma í hálfgróinn sethjalla. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar kom fram að Umhverfisstofnun taldi efnistöku úr þessum sethjalla í forgrunni vegarins ekki ásættanlega. Farið var fram á að skoðað yrði með efnistöku fjær veginum. Gert var ráð fyrir að taka samtals 60.000 m<sup>3</sup> af efni á 30.000 m<sup>2</sup> svæði.

Nýja náman er útvíkkun á skeringu vinstra megin vegar við stöð 29.000, innan þjóðgarðsmarka. Náman er í fornt jökulárset og jökulruðning. Yfirborð námunnar er að mestu mosagróið en þó með lítilsháttar lyngi. Fyrirhugað er að taka 51.000 m<sup>3</sup> af efni á 18.000 m<sup>2</sup> svæði, þ.e. 12.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni og 39.000 m<sup>3</sup> af burðarlagsefni. Engin þörf er á námuvegi.

#### *Vinnsla*

Efnistaka verður í mól og sand og jökulruðning sem verður unnið að jafnaði niður um 2,5–4,0 m eftir að mold hefur verið fjarlægð. Í yfirborði námunnar er um 0,6 m þykkur moldarjarðvegur. Jarðveginum verður ýtt til hliðar til að nota við frágang. Efnistakan verður fast við Dettifossveg en við frágang verður gætt að því að sjónræn áhrif verði í lágmarki. Fláar við jaðar námunnar verða aðlagðir að umhverfi sínu og hafðir nokkuð flatir. Yfirborð fláa og námu skal þakið með ofanafýtingu að lokinni efnistöku. Þar sem aðliggjandi land er gróið verður sáð í námusvæðið í samráði við þjóðgarðsyfirvöld.

#### *Verndargildi*

Jökulruðningur og jökulárset sem slíkt nýtur engrar sérstakrar verndar. Hins vegar er náman innan þjóðgarðsins Jökulsárgljúfra, sbr. lög nr. 47/1971 og má skv. lögnum ekkert jarðrask gera í þjóðgarðinum nema með sérstöku leyfi. Náman er því metin með mjög hátt verndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 1.

#### *Umhverfisáhrif*

Áhrif námunnar á jarðmyndanir, fuglalíf, gróður og landslag verða aðeins minni en af námu C-3 sem komu fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því námusvæðið er aðeins minna. Engar sýnilegar fornleifar eru í grennd við námuna. Ekki þarf að leggja veg að námunni. Sjónræn áhrif námunnar verða minni en af námu C-3 sem var í forgrunni vegarins. Náman mun sjást frá Dettifossvegi en auðvelt verður að fella hana vel að landi.

### **Náma við stöð 40.500**

Náman kemur í stað námu D–3 sem kynnt var í matsskýrslu. Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við efnistöku úr námum D–2 og D–3, vegna gróðurþekju í yfirborði þeirra. Náma D–2 var þó talin æskilegri en náma D–3. Náma D–3 var einnig nálægt fornleifum við Maríugerði. Við könnun á efnistökmöguleikum á svæðinu kom í ljós að ómögulegt er að finna ógróið land í grennd við þennan hluta vegarins.

Við stöð 40.500 er fyrirhuguð skering og við rannsóknargróft á svæðinu kom í ljós að möguleikar voru á frekari efnistöku fast við veginn. Tekin var ákvörðun um að útvíkka fyrirhugaða skeringu vegna vegarins. Í matsskýrslu var gert ráð fyrir að taka 40.000 m<sup>3</sup> af efni á 20.000 m<sup>2</sup> svæði úr námu D–3. Nýja náman er innan þjóðgarðsmarka og er útvíkkun á skeringu hægra megin vegar við stöð 40.500. Náman er í fornt jökulárset og að einhverju leyti í jökulruðning. Í yfirborði hennar er algróinn fjalldrapa- og víðimói. Fyrirhugað er að taka 48.000 m<sup>3</sup> af efni á 24.000 m<sup>2</sup> svæði, þ.e. 28.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni og 20.000 m<sup>3</sup> af burðarlagsefni. Engin þörf er á námuvegi.

#### *Vinnsla*

Efnistaka verður að mestu í möl og sand en einnig í jökulruðning. Efnið verður að jafnaði unnið niður um 2,0 m eftir að mold sem er nokkuð þykk, hefur verið fjarlægð af yfirborði. Námunna þarf að vinna dýpra niður en á fyrirhugaðan skeringarbotn vegna þess hve moldarmagn er mikið. Í lok efnistöku verður fyllt upp með mold og náman aðlöguð að skeringarbotni. Jarðveginum verður ýtt til hliðar til að nota við frágang. Efnistakan verður fast við Dettifossveg en við frágang verður gætt að því að sjónræn áhrif verði í lágmarki. Fláar við jaðar námunnar verða aðlagðir að umhverfi sínu og hafðir nokkuð flatir. Yfirborð fláa og námu skal þakið með ofanafýtingu að lokinni efnistöku. Þar sem aðliggjandi land er gróið verður sáð í námusvæðið í samráði við þjóðgarðsyfirvöld.

#### *Verndargildi*

Jökulárset og jökulruðningur sem slíkt nýtur engrar sérstakrar verndar. Hins vegar er náman innan þjóðgarðsins Jökulsárgljúfra, sbr. lög nr. 47/1971 og má skv. lögunum ekkert jarðrask gera í þjóðgarðinum nema með sérstöku leyfi. Náman er því metin með mjög hátt verndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 1.

#### *Umhverfisáhrif*

Áhrif námunnar á fuglalíf og gróður verða aðeins meiri en af námu D–3 sem komu fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því námusvæðið er aðeins stærra. Engar sýnilegar fornleifar eru í grennd við námuna en náma D–3 var mjög nálægt fornleifum við Maríugerði. Náma D–3 var að mestu í hraun en mun léttara er að ganga frá námu sem er í möl og sand en í hraun. Áhrif nýju námunnar á jarðmyndanir og landslag verða því minni en af námu D–3. Sjónræn áhrif námunnar verða minni en af námu D–3 vegna betri staðsetningar meðfram veginum. Náman mun sjást frá Dettifossvegi en auðvelt verður að fella hana vel að landi.



## **Teikningar**

Meðfylgjandi eru nokkrar teikningar til útskýringa.

Teikning 1 er í mkv. 1:70.000 og er yfirlitsmynd yfir áfanga 2 og 3 á Dettifossvegi. Hún er svipuð og Teikning 4 2/2 í teikningahefti með matsskýrslu.

Teikning 2 er í mkv. 1:20.000 og sýnir nánar breytingar á veglínu og námum. Hún er á 4 blöðum og sýnir nýja veglínu Norðausturvegar með skeringum og fyllingum og þær veglínur sem kynntar voru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hún er sambærileg við teikningu 5 5/8–8/8 í matsskýrslu.

Teikning 3 er í mkv. 1:10.000 og sýnir nánar kafla þar sem veglínu og námum er breytt.

Teikning 4 er í mkv. 1:2000 og sýnir breytingu á veglínu við minjarnar að Hæringsstöðum. Hún er sambærileg við Teikningu 9 8/9 í matsskýrslu. Nýja veglínan er aðeins sýnd á myndinni, svo skoða verður teikningu í matsskýrslu til samanburðar.